

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 2003

Nr. 231

634

1. apríl 2003

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 743/2002 um búfjárefirlit o.fl.

#### 1. gr.

Búfjárefirlitssvæði nr. 23 í 7. gr. III. kafla reglugerðarinnar breytist svo:

Svæði 23 verður Fjarðarbyggð og Mjóafjarðarhreppur.

Svæði 24 verður Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótisdalshreppur, Fellahreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur og Norður-Hérað.

Svæði 25 verður Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

#### 2. gr.

Með tilliti til þeirra breytinga sem getið er í 1. gr. reglugerðarinnar verður númer eftirtalinna eftirlitssvæða sem hér segir:

26. Sveitarfélagið Hornafjörður.

27. Mýrdalshreppur.

28. Skaftárhreppur.

29. Ásahreppur, Rangárþing eystra og Rangárþing ytra.

30. Vestmannaeyjar, Sveitarfélagið Árborg, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð.

#### 3. gr.

Í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar breytist tilvísun í svæði nr. 24 í tilvísun til svæðis nr. 26.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. apríl 2003.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*